

Fundargerð (57)

Fundur haldinn í húsnæði ríkissáttasemjara, Borgartúni 21 fimmtudaginn 25. ágúst 2022, kl. 14.30.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Maríanna H. Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Aldís Magnúsdóttir og Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Raket Guðmundsdóttir og Kolbeinn Guðmundsson
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Sigurjón Norberg Kjærnested
Verkefnisstjórn: Bergþór Haukdal Jónsson, Dagný Aradóttir Pind og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri.
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams.

Í upphafi fundar var umfjöllun um matshóps og niðurstöðu skýrslu. Þá hluta dagskrár sat Helgi Aðalsteinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

- 1. Matshópur.** Kolbeinn gerði grein fyrir vinnu matshóps. Meðal annars skoðun hópsins á breytunum stórhátíðakaupi og yfirvinnu vegna bætingar og áhrifum þeirra á vinnumagn og heildarlaunakostnað. Kolbeinn og Bergþór fóru yfir niðurstöður hjá Reykjavíkurborg og ríki miðað við 12 mánaða uppgjör verkefnisins. Helgi gerði grein fyrir stöðu gagnaöflunar hjá sveitarfélögum og yfirstandandi vinnu við gagnagrunn. Gert er ráð fyrir að hægt verði að sjá skýrari mynd strax á næstu mánuðum október/nóvember. Sigurjón greindi frá því að ný gögn frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu séu komin til yfirferðar hjá matshópi og verði með í næstu stöðuskýrslu ef allt gengur eftir.
- 2. Fundargerð** síðasta fundar 23. júní 2022, sem lá fyrir í gögnum fundarins, var samþykkt.
- 3. Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu, dags. 25. ágúst 2022, sem lá fyrir í gögnum fundarins. Gerði hún grein fyrir helstu viðfangsefnum og samskiptum verkefnastjórnar frá síðasta fundi. Bára fjallaði sérstaklega um umræðu um fræðsluáttak og fjármögnun þess í framhaldi umfjöllunar fyrir sumarfrí. Minnisblað með tillögu og rökstuðningi var sent fulltrúum stýrihóps í tölvupósti eftir síðasta fund og þá ákveðið að fresta málinu fram á haust. Málið rætt m.a. hugmyndir um vinnufund á haustmánuðum. Ákveðið að vinna áfram að þeirri hugmynd og leggja tillögu fyrir næsta fund stýrihóps.

4. **Framhald BVV.** Bára Hildur fór yfir stöðu verkefnisins og að verkefnið hafi almennt gengið mjög vel. Vinnustaðir séu flestir orðnir sjálfstæðir í umbótavegferð sinni. Í ljósi þess verði staða verkefnastjóra 30% starf í stað 100% frá og með 1. september. Rætt um breyttar áherslur í störfum verkefnastjórnar og frá haustinu verði áhersla á eftirfylgni verkefnisins og reynsluna af innleiðingarferlinu.

Helga Jónsdóttir hefur ákveðið að hætta sem fundarstjóri stýrihóps. Fær Helga sérstakar þakkir frá fulltrúum stýrihóps fyrir einstakt framlag í þágu verkefnisins og óskað heilla í framtíðinni.

5. **Önnur mál.**

- Ákveðið er að fundir stýrihóps verði mánaðarlega fram að jólum. Næsti fundur verður fjarfundur á teams síðari hluta septembermánaðar. Verkefnastjóri mun senda út fundarboð.

Fundi slitið kl. 16.00. Fundargerð er aðgengileg á Teams.